

Nr. 092 / 10 Herjólfur**Vélarvana í höfn**

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 14

Gögn:

Gögn RNS



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. júní 2010 var Herjólfur að fara frá bryggju í Vestmannaeyjum. Veður: ASA 13-22 m/s

Þegar skipverjar höfðu leyst landfestar rak skipið stjórnlaust í höfninni. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð dráttarbáts og Lóðsinn og fiskiskipið Frár VE komu á vettvang þegar Herjólfur átti stutt eftir í grýtta fjöruna.

Tókst að koma skipinu aftur að bryggju þrátt fyrir mikla veðurhæð. Kafað var við skipið og reyndist það óskemmt. Ekki reyndist hafa verið um bilun í búnaði að ræða og sigldi skipið eftir nokkra töf.



Skipið aðstoðað í höfninni©Vísir

Við rannsókn kom fram:

- að stjórn tök voru stillt í brú án þess að kúplað hafði verið að skrúfu og skipinu sleppt.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins voru mannleg mistök.